


A sýningu Sverris eru 13 tálgaðar spýtur á borð við þá, er listamaðurinn heldur hér á. Flestar eru þessar útskurðarmyndir gerðar í palisander, og eru þær allt upp í 85 cm á hæð. (Ljós.: Bragi).

„Man jafnvel í hvaða stellingum ég málaði“

— segir Sverrir Haraldsson, sem hefur safnað á eina sýningu myndum frá síðustu 30 árum

„Ég þekki allar myndirnar mínar strax og ég sé þær. Man jafnvel í hvaða stellingum ég málaði þær.“ sagði Sverrir Haraldsson listmálari, sem nú hefur safnað saman á eina sýningu 233 málverkum og myndum, sem eiga að sýna feril hans síðustu 30 árin.



Sverrir og Sverrir. Sjálfmynd, sem listamaðurinn málaði 1970. Myndin er máluð með olíu.

ÚR SVÍNAHRAUNI. Þetta er ein af nýrri myndum Sverris. Hún er máluð í fyrrasumar með olíu og er 80x115 að stærð. „Ég hef farið margar ferðirnar í Svínahraun,“ segir Sverrir. „Þar eru mótífin ótæmandi í hrauninu. Það mundi engum endast ævin til að gera þessu ágæta hrauni fullkomin skil. Auk þessarar myndar eru á sýningunni að Kjarvalsstöðum fimm aðrar myndir úr Svínahrauni, þar af þrjár vetrarmyndir.“ Þessi mynd Sverris er í eigu Verzlunarbanks og hefur hangið uppi í útibúi bankans við Laugaveg.

Texti: ÞJM

Ljósmyndir: Bragi

Ljósmyndun og litgreining

málverka: Grafík



Hér er ágætt dæmi um það tímabil, þegar Sverrir var að leggja frá sér sprautuna og taka til við landslagsmyndirnar. Þetta er olíumynd, máluð 1965, og er 103x82 að stærð. „Hún á raunverulega ætt sína að rekja til Arbæjar“, segir Sverrir. „Hún er unnin eftir teikningu þáðan. Teikningu, sem ég hafði margútfært.....“